

# Fundargerð 62. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, föstudaginn 12. febrúar kl. 09:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir 58., 59., 60. og 61. funda - 2009015SA

Fundargerðir verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 14. desember, 13. janúar, 21. janúar og 2. febrúar sl. voru lagðar fram til samþykktar.

*Fundargerðir samþykktar samhljóða*

### 2. Drög að umsögn sambandsins um drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 6/2021 - 2009227SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir umsögnum um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Drögin birtust í samráðsgátt stjórnvalda 12. janúar og eru sett fram undir heitinu „Í átt að hringrásarhagkerfi“. Fulltrúar sambandsins hafa setið nokkra samráðsfundi með fulltrúum ráðuneytisins um málið.

Meginmarkmið stefnunnar eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, vinna að kolefnishlutleysi Íslands og að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu, draga úr urðun og hætta urðun líffbrjótanlegs úrgangs. Framtíðarsýnin er að Ísland verði meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Í stefnuþrógunum er að finna ýmsar áherslur og ákvarðanir sem birtast í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, mál nr. 11/2021, sem sambandið skilaði umsögn um til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 8. febrúar sl.

Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 13. janúar sl. Verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynnti drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um stefnuþrógin.

*Góðar umræður fóru fram um drög að stefnu ráðherra þar sem áhersla var á mikilvægi þess að atvinnulífið bæri ábyrgð á úrgangi er verður til á þeirra vegum en*

ekki sveitarfélög og að markmiðin í stefnu ráðherra næðu betur utan um heildarsýn í úrgangsstjórnun allra úrgangsflokka, sér í lagi þeirra sem meðhöndlaðir eru með tilliti til sjónarmiða almannaheilla og hollustuháttarmála. Einnig að vanti nánari umfjöllun um aðgerðir vegna meðhöndlunar dýrahæja, brennslu með orkunýtingu, heinsunar á víðavangi, afsetningu afurða sem verða til úr meðhöndlun úrgangs ásamt frekari aðgerðum og umfjöllun um úrgangsförvarnir. Höfð verður hliðsjón af umræðum og ábendingum á fundinum við gerð umsagnar.

### **3. Aðkoma sambandsins að aðgerðum í drögum að stefnu ráðherra - 2012018SA**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur hafið samtal við sambandið um samvinnu um tvær aðgerðir sem koma fram í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs, mál nr. 6/2021.

Verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins fór yfir umræddar aðgerðir, þ.e. handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun og verkefni um innheimtumódelið "Borgaðu þegar þú hendir" (pay as you throw).

Verkefnisstjórn telur að um mikilvægar aðgerðir sé að ræða og nauðsynlegt sé að afurðirnar séu á því formi að þær nýtist sveitarfélögum í daglegu starfi, t.d. að þar komi skirt fram hvaða kostnaði framleiðendaábyrgð eigi að standa undir og hvernig best sé að útfæra útboð á sviði úrgangsmála.

### **4. Umsögn sambandsins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um úrgangsmál, mál nr. 11/2021 - 2101066SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, dags. 8. febrúar sl. Drögin birtust á samráðsgátt stjórnvalda 15. janúar sl. og er með frumvarpinu ætlunin að innleiða Evróputilskipanir sem ætlað er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis í því skyni að ýta undir bættu endurvinnslu úrgangs og draga úr myndun hans.

Málið var síðast á dagskrá fundar verkefnisstjórnarinnar þann 2. febrúar sl. Verkefnisstjóri og lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynna umsögnina.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir mjög vandaða umsögn og treystir á að ráðuneytið taki vel í þær tillögur er þar koma fram.

### **5. Umsögn sambandsins um drög að reglum vegna styrkveitinga til eflingar hringrásarhagkerfisins með grænni nýsköpun, mál nr. 276/2020 - 2101023SA**

Lagt fram til kynningar umsögn sambandsins um drög að reglum vegna styrkveitinga til eflingar hringrásarhagkerfisins með grænni nýsköpun, dags. 12. janúar. Reglurnar birtust á samráðsgátt stjórnvalda þann 23. desember en markmið styrkveitinganna er m.a. að bæta úrgangsstjórnun á Íslandi, efla tækifæri til endurvinnslu úrgangs sem næst upprunastað og að stuðla að aukinni endurvinnslu úrgangs sem fellur til hér á landi. Í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032, sem nú liggja til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda, má ráða að um 100-200 m.kr. sé ætlað í verkefnið á ári vegna beinna styrkja á tímabilinu 2021-2025.

Lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kynnti umsögnina.

Verkefnisstjórn tekur undir mikilvægi þess að reglurnar nái til fleiri þátta en eingöngu endurvinnslu og má þar t.d. nefna endurnotkun. Einnig að tryggt sé að sveitarfélög geti sótt um styrki til innviðauppbýggingar og grænnar nýsköpunar. Telur verkefnisstjórnin að æskilegt sé að auglýst sé eftir styrkjum sem fyrst.

## **6. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, Eygerður Margrétardóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir, fóru yfir mál sem hafa verið til umfjöllunar hjá sjóðnum að undanfögnu. Var sérstaklega farið yfir stöðu samnings sjóðsins við SFS um meðhöndlun veiðarfæraúrgangs og hversu óljós lagaákvæði og fyrirkomulagið er varðandi kostnað sveitarfélaga er úrvinnslugjald á að standa undir.

Verkefnisstjórn leggur áherslu á að ef semja á að nýju við SFS þá verði sá samningur að fela í sér að SFS taki yfir alla þá framleiðendaábyrgð er kemur fram í lögum á hverjum tíma. Fyrir liggja breytingar á framleiðendaábyrgð vegna innleiðingar tilskipana ESB um hringrásarhagkerfið þar sem gert er ráð fyrir að lágmarkskröfur framleiðendaábyrgðar nái til hreinsunar á víðavangi og fræðslu. Mikilvægt er að nýr samningur horfi til þessara breytinga. Einnig sé mikilvægt að fyrirkomulagið sé útfært þannig að það tryggji áreiðanlegar upplýsingar um magn og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs og að veiðarfæri skili sér sannarlega til endurvinnslu en ekki til urðunar eða brennslu hjá sveitarfélögum.

Verkefnisstjórn telur vanta gagnsæi um kostnaðarhlutdeild úrvinnslugjalds í kostnaði sveitarfélaga á söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs og um úrræði sveitarfélaga ef úrvinnslugjaldsskildar vörur skila sér inn á söfnunar- eða móttökustöðvar án þess að úrvinnslugjald hafi verið greitt. Verkefnisstjórn óskar eftir því að bæði atriði séu tekin til umfjöllunar hjá stjórn Úrvinnslusjóðs.

## **7. Kostnaður sveitarfélaga vegna söfnunar og meðhöndlun heyrúlluplasts - 2011022SA**

Sveitarfélög hafa mörg hver samning um söfnun og aðra meðhöndlun heyrúlluplasts. Oft á tíðum bera sveitarfélög þó nokkurn kostnað af þessum úrgangsflokki og mjög óljóst hversu þungt endurgjald og flutningsjöfnun, sem oftast er greitt af Úrvinnslusjóði beint til þjónustuaðila, vegur í að draga úr kostnaði sveitarfélaga. Verðskrá endurgjalds Úrvinnslusjóðs og flutningsjöfnun hafa tekið breytingum á undanfögnu árum og óljóst er hversu mikið hækkar hafa skilað sér til sveitarfélaga.

Verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins segir frá ábendingum sem hafa borist í tengslum við málið.

Í umræðum kom fram að einhver sveitarfélög hafi fengið þær upplýsingar frá sínum þjónustuaðilum að meðhöndlun á svörtu heyrúlluplasti sé torveldari en á öðrum litum og að hvítt plast hafi besta endurvinnslumöguleika. Starfsmenn sambandsins munu kanna málið og ræða við Bændasamtök Íslands um hvatningu til bænda um verklag sem styður við hámarks endurvinnslu heyrúlluplasts.

Í umræðum kom einnig fram að sveitarfélög hafa mörg hver valið að þjónusta bændur umfram lagaskyldu þegar kemur að því að sækja heyrúlluplast heim að hlaði og sá kostnaður er ekki greiddur af Úrvinnslusjóði.

#### 8. Önnur mál - 2009111SA

Samþykkt var að næsti fundur verkefnisstjórnar verði 18. mars kl. 13:00.

Fundi var slitið kl. 11:00

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson